

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
INSTITUTE OF FRESHWATER FISHERIES

EINAR HANNESSON

VEIÐIMÁL
Á AUSTURLANDI

REYKJAVÍK 1983

RÍKISPRENTSMÍÐJAN GUTENBERG

Yfirlit um veiðimál á Austurlandi, sem hér fer á eftir, fjallar um ár, stöðuvötn, lax, silung, ál, nýtingu veiðihlunninda, fiskirækt, fiskeldi og félagsmál. Greinarhöfundur hefur áður gert svipaða úttekt á veiðimálum á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og á Suðurlandi, er birst hefur í Frey.



Áð þessu sinni er tekinn fyrir hluti landsins, sem afmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Gunnólfsfjalli á Langanesi í Norður-Múla-sýslu að norðan og síðan eftir strönd landsins allt á sýslumörk á Skeiðarársandi, um það bil 7 km austan við Lómagnúp í Vestur-Skaftafellssýslu. Þaðan liggur línan þvert yfir landið, um sanda, jökla, öræfi, heiðarlönd og byggðir, að austurströnd Langaness, sem fyrr greinir.

Vatnasvið Austurlands

Vatnasvið Austurlands er um 20.800 km² (þ. e. stærð þess lands, sem vatn fellur af) en það er um 21% af vatnasviði alls landsins. Mestur hluti Vatnajökuls er á Austurlandi og setur hann mjög mark sitt á mörg vatnsföllin, eins og eðlilegt er. [Veiðimál á Suðurlandi].

Straumvötn á Austurlandi eru misjöfn, hvað varðar gerð, vatns-

magn og lengd. Þeim má skipta í þrjá flokka: ¹ Öflugar ár, sem eiga að hluta til eða að mestu leyti upptök í jökli. ² Ár sem koma úr stöðuvatni eða vötnum. ³ Stuttar ár, sem koma úr fjalllendi.

Algengt er, að straumvötn í þessum landshluta séu vatnsmikil vegna leysingavatns. Vatnsmagn er því breytilegt og mikill munur mesta og minnsta magns í þeim. Lengsta áin á svæðinu er Jökulsá á Dal, en hún er 150 km á lengd. Vatnasvið hennar er 3.700 km² þar af 24% af jökli, og er hún 5. í röð þeirra straumvatna hér á landi, sem hafa mest vatnasvið. Lagarfljót, 48 km á lengd, með 2.900 km² vatnasvið, þar af 7% af jökli. Fljótið skipar 8. sæti á með mest vatnasvið hérlendis. Skeiðará er

með 1.000 km² vatnasvið við jökuljaðar. Ótalin er þá Jökulsá á Fjöllum, sem er með mesta vatnasvið allra straumvatna hér á landi eða 7.750 km² og er 206 km á lengd. Hún liggur að hluta til að svæðinu (merkjaá sýslna), frá upptökum í Brúarjökli að stað á móts við Viðidal í Jökuldalshreppi. Hins vegar telst Kreppa, þverá Jökulsár, alfarið á Austurlandi, en hún er með 1.200 km² vatnasvið. Í annan stað má nefna tvær ár í Vopnafirði: Hofsá, með 1.100 km² vatnasvið og Selá, 750 km², en þessi straumvötn eiga bæði langan aðdraganda og koma úr stöðuvötnum. Í þriðja lagi má benda á árnar, sem falla úr fjalllendi Austfjarða, en þær eru yfirleitt stuttar. Árnar verða að visu



Einarsfoss í Selá í Vopnafirði, sem er 6 m á hæð. Laxastigi var gerður við fossinn árið 1967. (Ljós. Þór Guðjónsson, 1946).



Lagarfoss í Lagarfljóti. Á miðri mynd sést á gamla fiskveginn. Myndin er tekin árið 1946. (Ljósfr. Þór Guðjónsson).

lengri þegar kemur sunnar á firðina.

Laxárnar

Fátt er um góðar laxveiðiár á Austurlandi, miðað við aðra landshluta. Stafar þetta fyrst og fremst af því að straumvötnin eru yfirleitt frekar köld, enda árnar margar stuttar, eða leysingavatns gætir í þeim fram eftir sumri, sem fyrr segir. Af rúmlega 30 vatnsföllum, sem eiga ós í sjó, eru um níu með laxveiði en hinar silungsár. Bestu laxveiðiárnar eru allar í Vopnafirði; Selá, Vesturdalsá og Hofsa. Þá er Miðfjarðará og Bakkaá við Bakkaflóa, Lagarfljót, Selfljót, Fjarðará í Borgarfirði eystra og Breiddalsá í Suðurlandshálslu. Auk þess verður vart við lax í ýmsum silungsánum á svæðinu.

Silungsárnar

Göngusilungur, bæði sjöbleikja og sjöbirtingur, veiðist víðast hvar í ám á Austurlandi. Flestar árnar eru silungsár, sem fyrr greinir, en þær eru: Hölná við Bakkaflóa, Dalsá í Vopnafirði, Fögurhlíðará, Jökulsá á Dal, Fjarðará í Loðmundarfirði, Fjarðará í Seyðisfirði, Norðfjarðará, Eskifjarðará, Sléttuá og Norðurá í Reyðarfirði, Dalsá og Tungudalsá í Fáskrúðs-

firði, Berufjarðará, Hamarsá í samnefndum firði, Geithellnaá og Hofsa í Álftafirði, vatnsvæði Bæjaróss í Lóni, Hornafjarðarós, Hálsaós og Reynivallaós í Austur-Skaftafellssýslu, auk nokkurra annarra smærri áa á svæðinu.

Stöðuvötn

Stöðuvötn á Austurlandi sem eru meira en 300 metrar á breidd eru 223, en 99 þeirra eru 1000 metrar eða meira á lengd. eru þá ótalin smærri vötn og tjarnir. Flatarmál fyrrgreindra 223 stöðuvatna mun alls vera um 158 km² en 10 stærstu vötnin eru um 80 km². Nokkrir stöðuvatnaklasar setja sterkan svip á landið, svo sem klasinn á Sandvíkurheiði, milli Bakkaflóa og Vopnafjarðar, á Tunguheiði upp af Vopnafirði, á Jökuldalsheiði og á Fljótsdals- og Fellaheiði á Héraði.

Lögurinn hefur algera sérstöðu af vötnum, hvað stærð snertir, en hann er 52,4 km². Að öðru leyti eru engin stór stöðuvötn á Austurlandi á okkar mælikvarða. Nefna má nokkur hin stærri vötn, svo sem Gilsárvötn á Fljótsheiði, sem er 4,8 km² að flatarmáli. Ánavatn á Jökuldalsheiði, en það er 4,1 km². Prihryningsvatn 4,3 km², en það liggur vestan við samnefndan fjallgarð vestur af Jökuldal, og

Nýpurlón í Vopnafirði, sem er 3,6 km² að flatarmáli. Einnig mátti telja: Sænautavatn á Jökuldalsheiði 2,3 km². Puriðarvatn, Vopnafirði 1,2 km² og Þveit í Hornafirði, sem er 1,0 km² að flatarmáli.

Silungur, bleikja og urriði, önnur hvor eða báðar tegundir, eru í flestum vötnum á Austurlandi. Sum vötnin voru miklar matarkistur í fyrri tíð, enda mörg góð veiðivötn á svæðinu og eru vötnin á Jökuldalsheiði og vatnið Þveit, sem fyrr var nefnt, vafalaust þekktust þeirra.

Veiðitæki og veiðifang

Nær öll laxveiði á Austurlandi er stangaveiði, hitt netaveiði. Veiði er stunduð af eigendum sjálfum eða hún er leigð út, og er það algengast. Hlutdeild Austurlands í laxveiði hér á landi var á árabílinu 1961—1970 að jafnaði aðeins 2,7% en næsta áratug hafði hún vaxið í 4,0%. Er hér um umtalsverða aukningu að ræða, er þakka má fiskirækt, sem unnið hefur verið að. Nánari grein verður gerð fyrir fiskiræktaráttakinu á Austurlandi síðar í grein þessari. Hins vegar hefur laxveiði rýrnað verulega síðustu þrjú ár, 1980, 1981 og 1982, sem rekja má til kaldari veðráttu, en einnig er talið að laxveiði í úthafinu komi þar við sögu.

Veiði á göngusilungi, sem er fyrst og fremst sjöbleikja, er stunduð bæði á stöng og með neti. Stangaveiði er yfirleitt stunduð í ánum, en netaveiði í lónum við sjó, á ósasvæðum eða í sjó. Við silungsveiði í stöðuvötnum eru notuð net og stöng. Minna er vitað um silungsveiðifang en laxveiðina, vegna þess að skýrsluhald og söfnun upplýsinga um það er víðast hvar í ölestri. Víst er, að silungsveiði er töluverð á Austurlandi. Heyrst hafa raddir um að gengd göngusilungs hafi minnkað í seinni tíð. Vitað er, að netaveiði í vötnum hefur hrakað seinni áratugi frá því, sem hún var áður fyrr.

Telja verður að veruleg verðmæti séu fólgin í vannýttum silungsstofnum í stöðuvötnum á Austurlandi.

Álaveiði

Áll er nokkuð algengur í lónum á sunnanverðu Austurlandi. Álaveiði hefur lítið verið stunduð hérlandis. Þó var á sjöunda áratugnum gerð tilraun til að örva veiðiskap á ál. Gildruveiði var þá m. a. stunduð um sinn í Lónsfirði á vatnasvæði Bæjaróss og veiddist vel. Vafalaust er unnt að ná góðum árangri við álaveiðar í lónum Austur-Skaftafellssýslu. Til þess þarf kunnáttu og útsjónarsemi og auðvelda verður mönnum að koma álnum á markað, sem ætti að vera tryggur.

Fiskiræktin

Unnið hefur verið töluvert að fiskirækt á Austurlandi síðustu 15—20 ár. Mikill fjöldi lax- og silungsseiða hefur verið settur í ár og vötn á svæðinu, aðallega hafa þetta verið laxaseiði, sumaralin, stærri seiði og gönguseiði.

Fiskvegagerð og vatnsmiðlun

Fiskvegur var byggður í Einarsfoss í Selá í Vopnafirði, sem er í 7 km fjarlægð frá sjó. Þar með opnaðist laxi og öðrum göngufiski 33 km



Norðfjarðará, ósasvæði árinna. Flugvöllurinn er til vinstri á myndinni (Ljós. Einar Hannesson).

leið upp ána. Jafnframt var laxaseiðum sleppt á ófiskgengna hluta árinna. Þá var reist vatnsmiðlunarstífla í útrennsli Arnarvatns á vatnasvæði Vesturdalsár í Vopnafirði í því skyni að bæta skilyrði fyrir laxinn í ánni. Arnarvatn er í 30 km fjarlægð frá sjó. Fiskvegur var byggður í Lagarfoss í Lagarfjöti í sambandi við virkjun Fljótsins og kostuðu orkuyfirvöld þá framkvæmd. Miklum fjölda laxaseiða var sleppt í vatnasvæði Lagarfjóts, en það var liður í samstarfi Stangveiðifélags Reykjavíkur sem leigutaka svæð-

isins og Veiðifélags Fljótaldshéraðs. Á vatnasvæði Breiðdalsár var laxi auðvelduð leið um fossinn Beljanda og hefur laxaseiðum verið sleppt í vatnasvæðið í verulegum mæli.

Veiðieftirlit

Sérstakt veiðieftirlit hefur verið um árabíl í Vopnafirði, og hafa veiðifélögin þar staðið fyrir því, sama gildir um vatnasvæði Breiðdalsár.

Þótt það teljist ekki beint til fiskiræktar, má geta þess, að laxveiðilögn, sem heimild var fyrir að hafa í sjó í Vopnafirði, var lögð niður fyrir nokkrum árum. Það var gert með samkomulagi við landeiganda, sem gerðist um leið aðili að veiðifélagi um laxveiðiá, er næst liggur sjávarlöginni.

Fiskeldi

Fiskeldi hefur ekki verið á Austurlandi, ef undan er skilin tilraun, sem gerð var á Fáskrúðsfirði um miðjan síðasta áratug með sjávareldi á laxi. Austurland býr, eins og kunnugt er, illa að nýtanlegum jarðhita, en aðgangur að heitu vatni er lyklatríði í fiskeldi. Hins vegar hafa verið bolla- og leggingar í sambandi við fiskeldi við Urriðavatn á Héraði.



Breiðdalsá í Suður-Múlasýslu. Fjær sést til kirkju í Heydölum. (Ljós. Einar Hannesson).



Lón í Austur-Skaftafellssýslu. Myndin er tekin hjá Hvalnesi og í baksýn sjást m. a. Vestrahorn og Almannaskarð. (Ljós m. Einar Hannesson).

Laxabúskapur

Fyrir nokkrum árum var gerð hafbeitartilraun í laxlausri á, Berufjarðará, í því skyni að kanna grundvöll laxabúskapar á Austurlandi til að búa í haginn fyrir strjálbýlið. Tilraun þessi var fólgin í því að gönguseiðum af laxi var sleppt í tilbúna tjörn og seiðin látin ganga til sjávar, eftir að þau höfðu verið aðlöguð aðstæðum og fóðruð í tjörninni um tíma. Hafbeitartilraunin var gerð að tilstuðlan Framkvæmdastofnunar

ríkisins með styrk frá Norðurlandaráði, en Veidimálastofnun sá um framkvæmdir. Niðurstöður tilraunarinnar urðu ekki jákvæðar. Kunnáttumenn telja að óhagstæðir umhverfisþættir geti verið ástæðan. Þá er einnig talið að það þurfi að fá laxastofn sem falli að aðstæðum á þessu svæði. Er því ekki fullreynt, hvort koma megi upp laxabúskap á laxlausu svæði Austurlands. Væntanlega fast úr því skorið á næstu árum.

Sjávareldi á laxi

Fyrir var getið um eldi á laxi í sjó í Fáskrúðsfirði, en þar var lax hafður í netkvi í nokkur misseri og fóðraður. Framkvæmd þessi varð fyrir ýmsum skakkaföllum vegna veðurs og vinda. Sýnt er að hitastig sjávar við Austurland leyfir ekki laxeldi í sjó árið um kring.

Félagsmál

Á Austurlandi eru nú 12 veiðifélög með 455 jarðir innan sinna vébanda. Um helmingur félaganna starfar með ágætum, en hjá hinum er dauf eða nær engin starfsemi. Þar þyrfti úr að bæta og hverfa ættu þau lausatök á skipulagi veiði, sem viðgangast nú.

Nauðsyn ber til að komið verði á fót veiðifélagi um allar ár og vötn á Austurlandi á næstu árum, eins og lög um lax- og silungsveiði frá 1970 gera ráð fyrir. Stofna þarf um 15 veiðifélög til viðbótar þeim, sem fyrir eru, til þess að lagaákvæði um stofnun veiðifélags við ár og vötn sé sómasamlega fullnægt á Austurlandi.

HEIMILDIR:

Vatnasvið Íslands, Orkustofnun.
Íslensk stöðuvötn, Orkustofnun.
Birt og óbirt efni, Veidimálastofnun.